

**Fundur haldinn í Fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 12. ágúst 2008.**

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Byrjað var á að skoða leikskólann með Jens sveitastjóra og Ingibjörgu Jónsdóttur sem ráðin hefur verið sem forstöðumaður/deildastjóri á leikskólanum á Húnavöllum.

Samkomulag hefur verið gert við Blönduósbæ um faglega ráðgjöf við leikskólann. Jóhanna Jónasdóttir leikskólastjóri á Blönduósi mun sinna því.

Rætt var um umsókn til leyfis á rekstri leikskóla eða tilkynningu til Menntamálaráðuneytisþar að lútandi. Einnig var rætt um að koma á sambandi við Guðjón fræðslustjóra. Jens tók þetta að sér.

Fræðslunefnd leggur áherslu á að nú þegar verði afgirt útisvæðið við leikskólann. Einnig að sem fyrst verði gengið frá lóðinni.

Rætt var um að starfsmenn leikskóla og grunnskóla fái skyndihjálparnámskeið.

Rætt var um frágang á mön og undirlagi á leiksvæði við grunnskólann. Fram kom að leiktækið og fræið er ókomið.

Fram kom að 15 börn eru á leikskólaaldri í hreppnum (f. 2007 og fyrr) og könnun var lögð fyrir foreldra þeirra varðandi nýtingu. Út úr því kom að foreldrar 10 barna hyggjast nýta sér leikskólann. Jens vék af fundi.

Umsóknir um starf leiðbeinanda við leikskólann á Húnavöllum. Tvær umsóknir liggja fyrir frá: Sigríði Ernu Guðmannsdóttur og Ólöfu Kristínu Einarsdóttur. Fræðslunefnd mælir með að Ólöf verði ráðin í starf leiðbeinanda við leikskólann.

Leikskólamálin voru rædd á víðum grundvelli, ljóst er að margir endar eru enn lausir og fræðslunefnd leggur mikla áherslu á að gengið verði frá þeim málum sem að starfsemi snúa.

Nefndin telur ekki forsvaranlegt að hefja starfsemi leikskólans fyrr en öryggiskröfur hafa verið uppfylltar, utandyra sem innan.

Fræðslunefnd leggur áherslu á að leikskólabörnin fái aðgang að sundlaug, sparkvelli, íþróttasal (og útiaðstöðu við grunnskólann á meðan ekki hefur verið gengið frá leikaðstöðu við leikskólann).

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir
Ægir Sigurgeirsson
Pétur Pétursson
Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Rós Sigurðardóttir
Eline Schrijver